

Sp. 467. Tillaga til þingsályktunar [287. mál]

um könnun á launum og lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum.

Flm.: Gunnar G. Schram, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd fulltrúa stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að kanna hvort og að hvaða leyti laun og lífskjör eru lakari á Íslandi en í nálægum löndum og hverjar eru orsakir þess.

Nefndin skili athugun sinni fyrir árslok 1985.

Greinargerð.

Að undanfögnu hafa lífskjör hér á landi versnað verulega. Kaupmáttur kauptaxta hefur minnkað um fimmtung á síðustu þremur árum. Nú er kaupmátturinn svipaður og hann var árið 1971. Þessar upplýsingar koma fram í töflu 1 sem fylgir hér með. Þar er að finna upplýsingar um þróun kaupmáttar verkamanna, iðnaðarmanna og verkakvanna frá 1971 og fram á þetta ár.

Kaupmáttur kauptaxta er vitaskuld ekki algildur mælikvarði á lífskjör launafólks þó að hann sé þýðingarmikill. En aðrir mælikvarðar sýna einnig dökka mynd þótt hún sé misdökk eftir því hvaða stærðir eru skoðaðar. Dæmi um aðra mælikvarða eru sýnd í töflu 2 hér á eftir. M. a. eru þjóðartekjur á mann nú á svipuðu stigi og árið 1973. Þær hafa dregist saman í þrjú ár í röð. Enn má nefna að ráðstöfunartekjur heimilanna eru svipaðar og þær voru upp úr miðjum síðasta áratug.

Þetta er alvarleg þróun ekki síst með hliðsjón af því að þær þjóðir, sem Íslendingar bera sig helst saman við, hafa nú komist úr þeirri kreppu sem einkenndi alþjóðaefnahagsstarfsemi á árunum 1979—1982. Hagvöxtur í OECD-ríkjunum var 2,6% 1983, tæplega 5% 1984 og horfur eru á að hann verði 3—4% í ár. Samfara hagvextinum fara lífskjör batnandi í flestum nálægum löndum á meðan lífskjörum hrakar hér á landi.

Tafla 3, sem fylgir hér með, sýnir þróun þjóðartekna á mann í nokkrum OECD-ríkjum 1963—1982. Tölurnar, sem eru í erlendri mynt, bandaríkjadollurum, gefa allgóða vísbendingu um lífskjör hér á landi í samanburði við aðrar þjóðir þó að ýmislegt þurfi að athuga nánar, m. a. áhrif örra breytinga á gengi gjaldmiðla einkum á síðari árum. Tölurnar bera með sér að lífskjör á þennan mælikvarða hafa verið nokkuð góð, vel yfir meðaltali OECD-

ríkja, svipuð og í Danmörku en lélegri en í Svíþjóð og Noregi. Enda þótt þessi samanburður sé á margan hátt ekki óhagstæður Íslendingum fram til 1982 verður ekki það sama sagt um framhaldið. Nú eru þjóðartekjur á mann hér á landi einungis um 9000 dollarar eða um 84% af því sem þær voru 1982 og 70% af þjóðartekjunum 1981. Að vísu veldur hér miklu hvað staða dollarans hefur styrkst mikið á undanförunum árum. Engu að síður er ljóst að lífskjörum hefur hrakað verulega hér á landi samkvæmt þessum mælikvarða á síðustu árum í samanburði við OECD-ríkin þó að nákvæmar tölur liggi ekki enn fyrir í því efni.

Fleiri atriði þarf að kanna en þjóðartekjur á mann á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Sú nefnd, sem fær það verkefni að framfylgja þingsályktunartillögunni, mun að sjálfsögðu leggja mat á hvaða þættir skipta mestu máli í því sambandi. Rétt er þó að nefna hér örfá mikilvæg atriði. M. a. er nauðsynlegt að könnunin nái til samanburðar að því er varðar:

1. hlut launþega í þjóðartekjum,
2. kauptaxta og launaþróun, bæði almenna og eftir atvinnugreinum, jafnt atvinnutekjur, heildartekjur og ráðstöfunartekjur; enn fremur vægi annarra tekna en launa, t. d. tilfærslutekjur, eignatekjur o. fl.,
3. vinnutíma og atvinnuöryggi,
4. beina og óbeina skatta og opinbera þjónustu,
5. greiðslubyrði og skuldastöðu gagnvart öðrum löndum,
6. fjárfestingarþróun,
7. gengisþróun, t. d. dollara og SDR,
8. hagsveiflur í einstökum löndum.

Þeirri nefnd, sem fær það verkefni að gera þessa könnun, er einnig ætlað að skýra niðurstöður sínar að því er varðar lífskjarþróun hér á landi í samanburði við nálæg lönd. Hafa ytri aðstæður ráðið mestu um þróunina, s. s. aflabrogð og staða alþjóðaeftahagsmála? Eða er skýringanna að leita í okkar eigin efnahagslífi, skipan þess og stjórn? Það er ákaflega mikilvægt að draga þann lærdóm af reynslunni sem unnt er. Þess vegna er þetta mjög þýðingarmikið atriði. Ef mistök hafa orðið ber að viðurkenna þau og einbeita kröftunum að því að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig.

Það verkefni, sem hér liggur fyrir, er afar brýnt með tilliti til þess að hætt er við að Íslendingar fari í vaxandi mæli að flytja úr landi og setjast að þar sem betri kjör bjóðast ef svo heldur fram sem horfir að bilið breyki milli lífskjara hér á landi og í nágrannalöndunum.

Tafla 1. Kaupmáttur tímakaups verkamanna, iðnaðarmanna og verkakvanna 1973—1984.

Ár	Vísitölur 1980 = 100		
	Verkamenn	Iðnaðarmenn	Verkakonur
1971	81	83	74
1972	95	97	89
1973	97	98	88
1974	104	109	92
1975	92	94	82
1976	91	93	83
1977	98	100	91
1978	103	102	101
1979	102	103	100
1980	100	100	100
1981	103	103	103
1982	105	104	104
1983	87	88	86
1984 1. ársfj.	81	80	81
2. ársfj.	83	84	81

(Heimild: Fréttabréf kjararannsóknarnefndar, september 1984.)

Tafla 2. Breytingar þjódartekna og ráðstöfunartekna heimilanna á mann 1971—1984.

Ár	Vísitölur 1971—100	
	Þjódartekjur	Ráðstöfunartekjur heimilanna
1971	100	100
1972	104	110
1973	114	119
1974	114	127
1975	105	112
1976	111	115
1977	120	129
1978	124	140
1979	123	142
1980	124	142
1981	125	151
1982	121	152
1983	115	135
1984 (áætlun)	114	130

(Heimild: Þjóðhagsstofnun.)

Tafla 3. Þjóðartekjur á mann í nokkrum OECD ríkjum 1963—1982. (Reiknað í dollurum.)

	Ísland	Danmörk	Swíþýða	Noregin	Finnland	A. Þýskaland	Bretland	Bandaríkin	OECD alls	Evroparíki OECD	Efnahags- bandlag Evropu
1963	1.744	1.693	2.316	1.590	1.442	1.671	1.582	3.143	1.761	1.268	1.458
1964	2.181	1.918	2.582	1.734	1.619	1.824	1.710	3.312	1.898	1.386	1.595
1965	2.592	2.138	2.810	1.899	1.782	1.961	1.828	3.544	2.041	1.493	1.713
1966	3.045	2.329	3.024	2.033	1.901	2.064	1.938	3.834	2.209	1.599	1.827
1967	2.952	2.508	3.259	2.206	1.941	2.092	1.998	4.012	2.336	1.683	1.917
1968	2.281	2.590	3.435	2.337	1.818	2.245	1.883	4.336	2.504	1.749	2.000
1969	1.946	2.917	3.703	2.523	2.070	2.532	2.005	4.641	2.725	1.914	2.192
1970	2.418	3.209	4.096	2.881	2.330	3.053	2.198	4.822	2.944	2.127	2.453
1971	3.065	3.567	4.482	3.241	2.558	3.517	2.507	5.168	3.234	2.393	2.769
1972	3.755	4.345	5.246	3.798	2.984	4.189	2.828	5.022	3.715	2.838	3.274
1973	5.119	5.690	6.357	4.898	3.917	5.538	3.187	6.207	4.480	3.566	4.095
1974	6.654	6.297	7.051	6.357	4.979	6.131	3.461	6.644	4.893	3.972	4.490
1975	5.900	7.438	8.814	7.100	5.878	6.748	4.129	7.125	5.430	4.623	5.224
1976	6.818	8.192	9.454	7.771	6.291	7.227	3.990	7.824	5.837	4.787	5.390
1977	8.841	9.144	9.932	8.899	6.654	8.369	4.473	8.641	6.537	5.374	6.102
1978	9.820	11.063	10.945	10.011	7.150	10.433	5.658	9.616	7.799	6.555	7.535
1979	10.923	12.886	12.885	11.571	8.726	12.381	7.304	10.585	8.855	7.920	9.101
1980	12.653	12.929	14.851	14.045	10.479	13.234	9.358	11.416	9.689	8.899	10.345
1981	12.791	11.350	13.505	13.937	10.238	11.076	8.886	12.647	9.679	7.827	9.025
1982	10.761	10.998	11.756	13.630	10.070	10.700	8.413	13.037	9.522	7.475	8.656
Meðaltöl:											
1963–1967	2.503	2.117	2.798	1.892	1.737	1.922	1.811	3.569	2.049	1.486	1.702
1968–1972	2.693	3.326	4.192	2.956	2.352	3.107	2.284	4.918	3.024	2.204	2.538
1973–1977	6.666	7.352	8.322	6.909	5.545	6.807	3.848	7.288	5.429	4.464	5.060
1978–1982	11.390	11.845	12.788	12.639	9.333	11.565	7.924	11.460	9.109	7.735	8.932

Þjóðartekjur eru hér metnar á markaðsvirði á verðlagi hvers árs miðað við meðalgengi á hverjum tíma gagnvart Bandaríkjadólar. Við hennau samanburð þarf að setja talsverðan fyrirvara. Í fyrsta lagi er gengið eitt sér mjög ófullkomið tæki til að bera saman hagstærðir í ólíkum gjaldmiðli og getur hending um tímasetningu oft ráðið miklu um niðurstöður. Þetta á ekki hvað síst við um lönd, þar sem gengisskipti eru afar óstöðug eins og raunin hefur orðið hér á landi. Í öðru lagi má nefna, að gengi dollars hefur verið býsna óstöðugt á síðari hluta þess tímabils, sem hér er sýnt, og sveiflur í dollaragengi á alþjóðamarkaði geta einar sér valdið sveiflum í þjóðartekjum án nokkurs annars tilfélis. Loks má nefna, að sá mælikvarði, sem hér er sýndur, er einungis ein vísbending af mörgum tilteknum um hag-
sæld ríkja; til þess að fá fyllri mynd þyrfti að horfa á aðra þætti, svo sem fjárfestingu, erlenda skuldstöðu, framfarisslukostnað o.fl.

Heimild: Bolli P. Bollason, Lífiskjör á Íslandi, *Íslensk haglýsing, greinasafn. Ritstj. Þórður Friðjónsson*, AB 1984.